

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

10. gr.

Bæjarstjórn skipar aðilum, fyrirtækjum, stofnunum og öðrum aðilum sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphirðu í gjaldflokka og tekur við álagningu svo sem kostur er, mið af umfangi starfseminnar og sorpgerð. Bæjarstjórn er heimilt að endurskoða álagningu einstakra aðila ef verulegar breytingar verða á forsendum álagningarinnar.

Ákvæði 6. gr. sem varða flokkun sorps og umgengni skulu gilda fyrir þessa aðila.

11. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til stöðvarstjóra sorpbrennslunnar Funa. Telji húsráðandi sig ekki hafa fengið fullnægjandi úrlausn getur hann skotið málinu til heilbrigðisnefndar Vestfjarða.

12. gr.

Brjótí húsráðandi gegn ákvæðum þessarar samþykktar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það til stöðvarstjóra Funa sem hlutast þá til um að úr verði bætt.

13. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr.7/1998.

14. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 21. febrúar 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út breytingu á starfsleyfi fyrir SR-mjöl hf., Reyðarfirði, kt. 560793-2279. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. júní 2000.

Reykjavík, 18. febrúar 2000.

Hollustuvernd ríkisins,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

*Davíð Egilsson
forstöðumaður.*